

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

Fyrir öll mannvirki sem bætast við á lóð þar sem áður hefur verið greitt heimtaugagjald skal greiða heimtaugagjald fyrir hið nýja húsnæði í samræmi við þessa grein.

6. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 5. og 9. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu. Heimilt er sveitarstjórn að breyta þeim í samræmi við breytingar sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu ráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú kunna að verða leyfð afnot hitaveitunnar til einhvers sem ekki þykir falla undir 2. gr. og er þá heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki.

8. gr.

Heimæðagjald er gjaldkræft þegar tengingu húss er lokið. Heimilt er að veita gjaldfrest á heimæðagjaldi eða hluta þess.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins til notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Sá sem er í vanskilum greiðir auk vanskilaskulda kr. 900,00 í opunargjald. Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá 1. febrúar 1997 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnfram er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 242 4. maí 1988.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. janúar 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um skrá Blönduóssbæjar skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Áhaldahús/hitaveita:

Bæjarverkstjóri/veitustjóri

starfshlutfall 100%

Bæjarskrifstofa:

Skrifstofustjóri starfshlutfall 100%

Blönduósshöfn:

Hafnarvörður (staðgengill hafnarstjóra) starfshlutfall 50%

Brunavarnir Austur-Húnavetninga:

Slökkviliðsstjóri starfshlutfall 100%

Byggðasamlag um skólaskrifstofu Húnavetninga:

Forstöðumaður starfshlutfall 100%

Blönduósi, 23. janúar 1997.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um skrá Vestmannaeyjabæjar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Skráin er eftirfarandi:

5. tl.

- 1) Starfsmaður í opinni öldrunarþjónustu: Til þess að fylgjast með aðstæðum eldri borgara er heima búa og njóta heimilishjálpar, án þess þó að sinna venjulegum verkefnum heimilishjálpar.
- 2) Bryti á Hraunbúðum.
- 3) Starfsmaður VAVE í landi.
- 4) Forstöðumaður Náttúrugripasafns: 30% starf eingöngu til þess að sjá um fóðrun og öryggisgæslu.

6. tl.

- 5) Launafulltrúi.
- 6) Starfsmaður á launadeild.
- 7) Bæjarstjóri.
- 8) Bæjarritari.

7. tl.

- 9) Forstöðumaður áhaldahúss. Er jafnframt slökkviliðsstjóri.
- 10) Veitustjóri.
- 11) Hafnarstjóri.

8. tl.

- 12) Rekstrarstjóri Hraunbúða.
- 13) Skólamálafulltrúi. Vegna útreikninga á launum kennara.
- 14) Bæjartæknifræðingur.

Vestmannaeyjum, 27. janúar 1997.

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.